

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Hildi Sverrisdóttur um tímabundið atvinnuleyfi erlendra sérfræðinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu margir sóttu um tímabundið atvinnuleyfi hér á landi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar árin 2016–2022, sbr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga?
2. Hversu margir fengu slíkt atvinnuleyfi árin 2016–2022?
3. Hversu langan tíma tók að meðallagi að afgreiða umsóknir um slíkt atvinnuleyfi árin 2016–2022?
4. Hversu margir þeirra sem fengu fyrrnefnt atvinnuleyfi árin 2016–2022 hafa fengið áframhaldandi atvinnuleyfi?

Í meðfylgjandi töflu má sjá heildarfjölda umsókna um tímabundin atvinnuleyfi á árunum 2016–2022 á grundvelli 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar, þ.m.t. umsóknir um framlengingu slíkra leyfa. Jafnframt kemur fram í töflunni meðaltal þess tíma sem afgreiðsla umsóknanna tók hjá Vinnumálastofnun en slíkar upplýsingar eru þó ekki tiltækar fyrir árin 2016 og 2017. Þá kemur fram í töflunni fjöldi veittra leyfa í tengslum við umræddar umsóknir og í hve mörgum tilvikum um var að ræða framlengd leyfi.

#### Tímabundin atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar (8. gr.).

Ár	Fjöldi umsókna	Afgreiðslutími - meðaltal	Fjöldi veittra leyfa	Þar af framlengd leyfi
2022	857	24 dagar	827	470
2021	715	23 dagar	684	406
2020	609	19 dagar	572	402
2019	628	19 dagar	597	357
2018	543	21 dagur	516	317
2017	410		395	233
2016	331		325	193

Heimild: Vinnumálastofnun.